

um nótt með jafnmiklum seglum uppi og á honum voru einkum þar sem var „en Masse Skibe omkring paa alle Sider“, eins og stendur í dagbókarútdrætti hans, og ekki logn. Í dagbókarútdrættinum stendur að vísu að vindurinn hafi verið „næsten stille“ og skipstjórinn og stýrimaðurinn á kúttaranum segja að vindurinn hafi verið svo hægur að þeir hafi álitid að kúttarinn ljeti ekki að stjörn, en skipstjórinn, stýrimaðurinn og háseti sá á botnvörpungnum, sem yfirheyrdur var við sjóferðaprófið hjer hafa hinsvegar haldið því fram, að stinningsgola hafi verið. Þá þykir sjórjettinum það og óverjandi að stýrimaðurinn á kúttaranum skyldi enga tilraun gjöra til þess, að komast hjá árekstrinum, þar sem hann þó varð togarans var 2—3 mínútum áður en áreksturinn varð, hvorki með því að reyna að breyta stefnu, auka eða minka ferð skipsins eða gefa merki um, að hætta væri á ferðum, þótt hann sæi, að togarinn hjelt stefnu sinni óbreyttri og gæfi ekki merki þess, að hann ætlaði að breyta henni eða hefði orðið kúttarans var.

Að öllu þessu athuguðu þykir sjórjettinum bæði skipin eiga svo mikla sök á árekstrinum, að þau eigi hvort um sig að bera skaða sinn og að um björgunarlaun til handa togaranum geti ekki verið að ræða, þar sem hann var meðsekur í árekstrinum.

Eftir þeim úrslitum þykir og rjett að málskostnaður falli niður bæði í aðalsök og gagnsök.

---

Mánudaginn 18. maí 1925.

Nr. 12/1924. **Bjarni Þorsteinsson o.fl.** (B. P. Kalman)  
gegn

**Helga Guðmundssyni, Páli Kr. Jóhannssyni og dánarbúi Rakelar Pálsdóttur** (Svb. Jónsson) og gagnsök.

Útaf landshlut af unnum hvölum.

Dómur aukarjettar Eyjafjarðarsýslu 28. febr. 1923: Stefndu, sjera Bjarni Þorsteinsson, verslunarstjóri Jón Guðmundsson, kaupmaður Helgi Hafliðason, hreppstjóri Guðmundur Hafliðason, kaupmaður Sophus Blöndal, Flóvent Jóhannsson, fyrv. bóksali Jón Jóhannesson og veitingasali Þorsteinn

Pjetursson, allir til heimilis á Siglufirði, greiði stefnendum þeim lækni Helga Guðmundssyni, Raket Pálsdóttur (nú dánarbú hennar) og Páli Kr. Jóhannssyni, 2540,84 — tvö þúsund fimm hundruð fjörutíu krónur, áttatíu og fjóra auru, — ásamt 5% ársvöxtum af þeirri upphæð, frá 11. okt. 1917 að telja, þar til greitt er.

Svo greiði þeir og stefnendumum 300 — þrjú hundruð — krónur í málskostnað.

Dóminum að fullnægja innan 3ja sólarhringa frá löglegri birtingu hans, að viðlagðri aðför að lögum.

### Dómur hæstarjettar.

Máli þessu hefir verið skotið til hæstarjettar af hálfu beggja aðila. Er aðaláfrýjunarstefnan útgefin 22. mars f. á., samkvæmt áfrýjunarleyfi dags. 27. febrúar s. á., en gagnáfrýjunarstefnan útgefin 24. mars f. á., einnig að fengnu áfrýjunarleyfi dags. 27. febrúar s. á.

Mál þetta snýst aðeins um skyldu aðaláfrýjenda til að standa gagnáfrýjendum skil á landshlut af hvölum þeim, er drepnir voru á Siglufirði 19. maí 1917 og aðaláfrýjendur ráðstöfuðu. Verður því að fallast á það, að undirdómarinn vísaði málinu eigi frá dómi sakir þess að það væri vettvangsmál.

Í hæstarjetti hafa aðaláfrýjendur fyrst og fremst krafist sýknunar af þeim sökum að málinu væri ranglega beint gegn sjer, en með því að viðurkennt er að þeir ráðstöfuðu hinum umræddu hvölum, eru þeir rjettir varnaraðilar málsins og verður þessi sýknuástæða því eigi tekin til greina.

Það verður einnig að telja það nægilega sannað í málinu að hvalirnir hafi verið reknir í netlög jarðarinnar Hafnar og drepnir þar, er þeir kendu grunns. Ber því gagnáfrýjendum þriðjungur af hvölunum í landshlut samkv. Jb. Rb. 8.

Gagnáfrýjendur hafa ákveðið upphæð kröfu sinnar þannig að þeir áætla að af hverjum hval hafi fengist til jafnaðar 600 pd. spiks og 700 pd. kjöts. Með þessari þyngd og því gangverði, sem þeir skýra frá að þá hafi verið á spiki og hvalkjöti á Siglufirði, telja þeir verð hvers hvals til jafnaðar hafa verið 285 kr. Nemur þriðjungurinn af hvölunum eða verð 22 hvala eftir þessu 6270 kr. og er það aðalkrafa gagnáfrýjenda að aðaláfrýjendur verði dæmdir til að greiða sjer þá upphæð án nokkurs frádráttar. Aðaláfrýjendur hafa mótmælt þessari áætlun gagnáfrýjenda sem of hárrí, bæði að því er snertir þyngd hvalanna og verð. Hafa þeir skýrt svo frá, að þeir hafi staðið bæjarstjórn Siglufjarðar skil á andvirði hvalanna, sem að öllum kostnaði frádragnum hafi numið kr. 7622,52. Nánari skilagrein á ráðstöfunum sínum hafa þeir eigi gjört í málinu, en hinsvegar er það upplýst að bæði hafa þeir gefið nokkuð af hvalnum og auk þess greitt af andvirði hans þóknun til nokkurra manna, er þátt tóku í hvalrekstrinum, en hvorugt þetta getur rýrt landshlut gagnáfrýjenda. Að þessu athuguðu og þegar þess er gætt, að aðaláfrýjendum bar að gera gagnáfrýjendum reikningskil á ráðstöfunum sínum á hvölunum, verður að svo vöxnu máli að leggja útreikning gagnáfrýjenda á upphæð landshlutarins til grundvallar við dóm málsins.

Eins og getið er í forsendum hins áfrýjaða dóms var aðaláfrýjendum, samdægurs og hvalirnir voru drepnir, falið að ráðstafa þeim af mönnum þeim, er þátt tóku í rekstri hvalanna og drápi. Verður ekki sjeð að gagnáfrýjendur hafi hreyft neinum mótmælum gegn því, en 4 dögum síðar, 23. maí 1917, ritar einn gagnáfrýjenda aðaláfrýjendum brjef og áskilur

sjer og meðeigendum sínum fullan rjett til landshlutar af hvölnunum samkvæmt gildandi lögum. Með þessu má telja að gagnáfrýjendur hafi sætt sig við að aðaláfrýjendur sæju um skurð og sölu á landshlut sínum. Þykir því rjett að frá kröfu gagnáfrýjenda dragist kostnaður við skurð og sölu landshlutarins og með hliðsjón af ákvæðum Jónsbókar Rb. 3., 4. og 5., þykir hann hæfilega ákveðinn fjórðungur af verði landshlutarins eða kr. 1567,50.

Samkvæmt þessu ber að dæma aðaláfrýjendur til að greiða gagnáfrýjendum kr. 6270,00 ÷ kr.1567,50 eða kr. 4702,50 með 5% ársvöxtum frá sáttakæru- degi 11. okt. 1917 til greiðsludags Um greiðslu málskostnaðar á hinn áfrýjaði dómur að vera óraskaður, en málskostnað í hæstarjetti greiði aðaláfrýjendur gagnáfrýjendum in solidum með 300 krónum.

Því dæmist rjett vera:

Aðaláfrýjendur, síra Bjarni Þorsteinsson, Jón Guðmundsson, Guðmundur Hafliðason, Helgi Hafliðason, Sophus Blöndal, Flóvent Jóhannsson, Jón Jóhannesson og Þorsteinn Pjetursson greiði gagnáfrýjendunum Helga Guðmundssyni, Páli Kr. Jóhannssyni og dánarbúi Rakelar Pálsdóttur in solidum kr. 4702,50 með 5% ársvöxtum frá sáttakæru- degi 11. okt. 1917 til greiðsludags.

Um málskostnaðargreiðslu í hjeraði á hinn áfrýjaði dómur að vera óraskaður en málskostnað í hæstarjetti greiði aðaláfrýjendur gagnáfrýjendum in solidum með 300 krónum.

Dómi þessum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

---

Forsendur hins áfrýjaða dóms hljóða svo:

Tildrög þessa máls eru þannig:

Fyrri part dags hinn 19. maí 1917 kom háhyrningavaður inn á Siglufjörð. Voru hvalirnir reknir, með atgöngu mikils mannfjölda úr Siglufirði, inn á höfn kaupstaðarinnar inn að timburhólma (kallaður Anlæg), sem byggður er á höfninni, fram undan landi jarðarinnar Hafnar. Voru 74 af hvölunum drepnir þar, ýmist lagðir eða skotnir, er þeir kendu grunns. Voru hinir drepnu hvalir síðan fluttir yfir á Siglufjarðareyri (á aðalkaupstaðarlóðina), til þess að þeir yrðu skornir þar og afurðunum ráðstafað. Eftir að búið var að drepa hvalina og flytja þá á land, var skotið á fundi meðal þeirra manna, er unnið höfðu að innrekstri, drápi og flutningi þeirra, en það hefir að líkindum verið mikill meiri hluti allra vinnufærra manna í Siglufirði. Var á þeim fundi kosin 9 manna nefnd til þess, að sjá um skurð hvalanna og til þess að ráðstafa afurðunum og koma þeim í verð á sem haganlegastan hátt. Hafði nefnd þessi síðan alla meðferð málsins í sinni hendi sagði fyrir um og rjæði menn til hvalskurðar, samdi um kaup við þá, skifti út og seldi hvalinn á Siglufirði, sendi sumt burt til sölu, tók ákvörðun um hvernig skyldi varið fje því, sem inn kom við hvalsöluna, og stóð loks skil á andvirðinu, að frádregnum öllum kostnaði til bæjarstjórnar Siglufjarðarkaupstaðar; en samkvæmt símskeyti bæjarfógetans, framlögðu í rjettinum undir rekstri málsins, sem rjettarskjal 18, var netto ágóðinn af háhyrningadrápinu 7622 krónur, 52 aurar.

Eins og að framan er sagt voru hvalirnir drepnir nálægt, sumir fast við, Timburhólma inn á botni Siglufjarðar. En hólma þennan hafði síldarkaupmaður O. Tynes (A/S „Siglefjords Silde-salteri & Anlægsкомпagni) byggt á landi jarðarinnar Hafnar eða rjettara sagt á leirunum framundan Hafnarlandi sbr. lóðarsamning 5. desbr. 1916, rjettarskjal 16. En samkvæmt þessu töldu eigendur jarðarinnar Hafnar, að hvalirnir hefðu verið reknir á þeirra land, og að þeir því ættu tilkall til landshlutar, samkvæmt gildandi landslögum. Þeir hafa því hafið mál þetta með sáttakæru, dags. 11. okt. 1917, gegn þeim átta, er búsettir voru í Siglufirði, af meðlimum nefndar þeirrar, er falið var að annast um skurð

hvalanna og koma afurðunum í verð. Krefjast þeir, að stefndu verði dæmdir „in solidum“ til að greiða þeim, kr. 6270,00 með 5% vöxtum p. a. af þeirri upphæð frá 19. maí 1917 að telja til greiðsludags. Til vara krefjast þeir, að stefndu verði dæmdir til að greiða upphæðir þessar „pro rata“. Ennfremur krefjast þeir, að stefndu verði á sama hátt dæmdir til að greiða þeim málskostnað að skaðlausu eftir reikningi, eða eftir mati rjettarins.

Þessa dómskröfu telja stefnendurnir jafngilda  $\frac{1}{3}$  af andvirði 66 hvala, er þeir fullyrða að hafi verið drepnir í lóð Hafnarlands, eftir því sem næst verður komist um stærð hvalanna og eftir því sem gangverð var á spiki og megru á Siglufirði, þegar hvalafurðirnar voru seldar. En til þrautavara hefir umboðsmaður stefnendanna, síðar undir rekstri málsins, krafist, að stefndu verði dæmdir til að greiða stefnendunum  $\frac{1}{3}$  af netto andvirði hvalanna allra, ásamt vöxtum og málskostnaði eins og að framan segir.

Dómskröfur sínar byggir umboðsmaður stefnendanna á rekaþálki Jónsbókar 8. kap. „Ef menn reka hval á land manns, þá eigu þeir tvá hluti, en landeigandi þriðjung“. Telur hann fullsannað með vottorðum og uppdráttum, sem lagðir hafa verið fram, og með vitnaleiðslum, sem fram hafa farið undir rekstri málsins, að, að minsta kosti 66 af hinum drepnu hvölum, eða öllu heldur minst 70 eða 72 af þeim, hafi verið drepnir í lóðhelgi Hafnarlands, og að hvalirnir allir hafi verið reknir á Hafnarland í þeirri merkingu, er tilvitnað Jónsbókarákvæði á við, þar er aðstæðan við Hafnarland, og það eitt, hafi gert mögulegt að vinna hvalina.

Umboðsmaður stefndu hefir fyrst og fremst krafist, að máli þessu verði vísað frá dómi fyrir þá sök, að í því hefir aðeins verið stefnt þeim 8 af meðlimum hinnar svokölluðu háhyrninga-nefndar, sem búsettir voru á Siglufirði er málið var höfðað, en níunda manningum, er var búsettur í fjarlægð, slept. Síðar undir rekstri málsins, hefir einn hinna stefndu ennfremur krafist, fyrir hönd þeirra allra, að málinu verði vísað frá dómi fyrir þá sök, að það hafi átt að hefja það og reka sem landþrætumál, eða að minsta kosti sem vettvangsmál.

Því næst og til vara hafa stefndu krafist, að þeir verði sýknaðir af öllum kærnum og kröfum stefnenda í máli þessu, og að þeim verði tildæmur hæfilegur málskostnaður, eftir rjettarins mati, hvort sem málinu er vísað frá dómi, eða þeir eru sýknaðir. En til þrautavara krefjast þeir, að þeir aðeins verði dæmdir til að

greiða stefnendunum  $\frac{1}{3}$  hluta af netto andvirði háhyrninganna með 4% vöxtum p. a. af þeirri upphæð. Loks hefir umboðsmaður stefndu krafist að stefnendurnir verði sektaðir fyrir óþarfa þrætu. Sýkunarástæður sínar byggir umboðsmaður stefndu og þeir sjálfir á margvíslegum rökum.

Þeir mótmæla því, eða telja ósannað, að háhyrningarnir hafi verið drepnir í lóðhelgi Hafnarlands, nema þá ef til vill örfáir. En þó svo hefði verið, telja þeir, að eigendur Hafnar, hefðu ekki átt rjett til landshlutar, sumpart af því, að ákvæðið í rekabálki Jónsbókar 8. kap., um hvali, sem reknir eru á land, hafi aldrei átt við háhyrninga og aðra smáhvali, en sumpart af því, að ákvæði þetta hafi verið numið úr lögum með konungsbrjefi 23. júní 1779. Þá hafa þeir haldið því fram, að eigendur Hafnarlands sju eigi rjettir sóknaraðiljar í þessu máli, heldur O. Tynes, eigandi trjehólmans, sem hvalirnir voru reknir upp að, og leigjandi lóðarinnar undir honum og umhverfis hann.

Loks hafa stefndu haldið því fram, að máli þessu sje ranglega beint gegn þeim, það hafi átt að stefna þeim, er ráku háhyrningana inn, drápu þá og fluttu yfir á Siglufjarðareyri. Hvalirnir hafi ekki verið afhentir háhyrninganefndinni (stefndu), fyr en alt þetta var um garð gengið, eigi stefnendurnir því enga sök á hendur þeim (stefndu), þó um sök væri að ræða.

Frávisunarkröfur stefndu getur rjetturinn ekki tekið til greina. Ef eigendur Hafnarlands eiga skadabótakröfu á hendur hinni svokölluðu háhyrninganefnd vegna athafna hennar í þessu máli, er enginn vafi á, að nefndarmenn eiga að svara til saka, einn fyrir alla og allir fyrir einn. Getur það því engin áhrif haft, þótt einum eða fleirum af nefndarmönnum hafi verið slept, er stefnt var.

Þá eru málavextir eigi þannig, að ástæða hafi verið til, að höfða mál þetta sem landamerkmjámál, nje reka það sem vettvangsmál.

Það verður að teljast sannað undir rekstri málsins, að flestir eða jafnvel flestallir hvalirnir, hafi verið reknir á Hafnarland í þeirri merkingu, sem rekbálkur Jónsbókar 8. kap. brúkar það orðatiltæki. Þeir hafa að minsta kosti flestir, verið drepnir í lóðhelgi Hafnarlands, þegar þeir kendu grunns, eða gátu eigi neytt sunds lengur. En aðstaðan við Hafnarland var notuð til að drepa þá alla, og hún ein gerði hvaladrápið mögulegt. Úrslitin að því er

aðalefni málsins snertir, velta því á, hvaða lagaákvæði gilda nú um háhyrninga, sem reknir eru á land og drepnir þannig.

Rjetturinn getur eigi fallist á þá skoðun stefndu, að Jónsbókar rekabálkur 8. kap. eigi ekki við háhyrninga, af því þar sje eingöngu átt við stærri hvali. Í tilvitnuðum kap. Jónsbókar er talað um hvali, og háhyrningar hafa vafalaust eftir málsvenjunni þá, verið kallaðir hvalir og svo er það enn. Ákvæðið í rekabálki Jónsbókar um hvali, sem reknir eru á land manns, er ekki úr lögum numið með konungsbrjefi 23. júní 1779. Þar er aðeins talað um flutningshvali, og ástæður eru ekki svo líkar, að heimilt sje, að láta konungsbrjef þetta, ná einnig til hvala, sem reknir eru á land manns. Önnur lög hafa heldur ekki breytt þessu Jónsbókarákvæði. Samkvæmt þessu verður rjetturinn að líta svo á, að eigendur Hafnarlands, hafi átt tilkall til landshlutar af hvölum þeim, sem drepnir voru á Siglufjarðarhöfn 19. maí 1917, því það kemur ekki til mála, að O. Tynes, sem hefir leigt þarna lóð til sildarsöltunar, eigi þetta tilkall, og sama er að segja um mann þann, sem var ábúandi á parti jarðarinnar, en ekki eigandi. Hann hefir lýst því yfir, að hann hefði engin rekarjettindi.

Stefndu, eða hinni svokölluðu háhyrningsnefnd, var á fundinum, sem haldinn var að kvöldi 19. maí 1917, falið að hafa alla umsjón með hvalskurðinum og öll umráð yfir hvalafurðunum, og fje því, sem inn kom við sölu þeirra. Með því varð nefndin fullkominn umboðsmaður hvalveiðimanna, og því rjett, að stefnendurnir beindu málssókn þessari gegn nefndarmönnum, enda lítt gerlegt, eða öllu heldur alveg óframkvæmanlegt, að stefna öllum þeim, sem að innrekstrinum og drápinu unnu.

Upphæð dómkröfunnar miða stefnendurnir við „brutto“ verð hvalanna. Telja þeir, að þeir hafi átt  $\frac{1}{3}$  hluta þeirra, og að hvalveiðimönnum hafi verið óheimilt, að flytja þá (þennan  $\frac{1}{3}$  hluta) burt úr lóðhelgi Hafnarlands. Þeir hafa þó ekki, að því er sjeð verður, hindrað eða gert tilraunir til þess að hindra, að hvalirnir væru fluttir yfir á Siglufjarðareyri og skornir þar. En það væri mjög óeðlilegt og ósanngjarnt, að stefnendurnir losnuðu við, að greiða í rjettu blutfalli, kostnaðinn við sjálft hvaladrápið, skurð þeirra og við sölu afurðanna, og það því fremur, sem þeir eigi komu fram með kröfuuna, um landshlut af hinum drepnu hvölum, fyr en á 4. degi eftir drápið, og hafði þó að minsta kosti einn þeirra verið á fundinum að kvöldi 19. maí 1917, er ráðstafaði hvölunum og kaus háhyrninganefndina. Virðist því

rjett, með sjerstöku tilliti til þess, að kostnaður við innrekstur hvalanna, mun hafa verið greiddur af andvirði hvalaafurðanna, að krafa sú, er stefnendurnir hafa gert til þrautavara, verði tekin til greina, og að þeim verði dæmdur  $\frac{1}{3}$  hluti af „netto“ andvirði hvalanna allra.

Samkvæmt þessu ber að dæma hina stefndu einn fyrir alla og alla fyrir einn, til að greiða stefnendunum kr. 2540,84, með 5% ársvöxtum af þeirri upphæð, frá sáttakærudegi 11. okt. 1917 að telja, til greiðsludags. Svo ber og að dæma þá til, að greiða stefnendunum málskostnað, er eftir atvikum virðist hæfilega metinn 300,00 krónur.

---

Miðvikudaginn 20. maí 1925.

Nr. 16/1925. **Valdstjórnin** (Sveinn Björnsson)  
gegn

**Þórði J. Thoroddsen** (L. Fjeldsted).

Um lögmati ákvæða um sölu áfengis eftir lyfseðli í 5. og 6. gr. ásamt refsifyrirmælum 8. gr. reglugjörðar nr. 67, 7. ágúst 1922.

Dómur lögreglurjettar Reykjavíkur 12. mars 1925: Kærður Þórður Jónas Thoroddsen á að vera sýkn af kærðu valdstjórnarinnar í þessu máli.

Málskostnaður greiðist af almannafje.

### Dómur hæstarjettar.

Mál þetta er höfðað á hendur kærða einungis fyrir brot á fyrirmælum reglugjörðar nr. 67, 7. ágúst 1922, og kemur því ekki til álita hvort hann kynni að hafa gerst brotlegur við aðrar rjettarreglur með athöfnum þeim, sem lýst er í hinum áfrýjaða lög-  
reglurjettardómi.

Kærði hefir að visu brotið ákvæði 5. og 6. gr. áðurnefndrar reglugjörðar, sem sett er af dómsmála-